

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 89/2023

2023/EES/81/14

frá 28. apríl 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1438 frá 31. ágúst 2022 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar tilteknar viðmiðanir fyrir samþykki fyrir virkum efnum sem eru örverur ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1439 frá 31. ágúst 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 283/2013 að því er varðar upplýsingar sem á að leggja fram varðandi virk efni og sértækar kröfur um gögn varðandi örverur ⁽²⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 94.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1440 frá 31. ágúst 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 284/2013 að því er varðar upplýsingar sem á að leggja fram varðandi plöntuverndarvörur og sértækar kröfur um gögn varðandi plöntuverndarvörur sem innihalda örverur ⁽³⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 97.
- 4) Fella ber inn EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1441 frá 31. ágúst 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 546/2011 að því er varðar sérstakar samræmdar meginreglur um mat á og leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda örverur ⁽⁴⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 100.
- 5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 13. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009):

„– **32022 R 1438:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1438 frá 31. ágúst 2022 (Stjtið. ESB L 227, 1.9.2022, bls. 2).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 13b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 283/2013):

„– **32022 R 1439:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1439 frá 31. ágúst 2022 (Stjtið. ESB L 227, 1.9.2022, bls. 8), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 94.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 227, 1.9.2022, bls. 2.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 227, 1.9.2022, bls. 8.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 227, 1.9.2022, bls. 38.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 227, 1.9.2022, bls. 70.

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 13c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 284/2013):

„– **32022 R 1440**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1440 frá 31. ágúst 2022 (Stjtið. ESB L 227, 1.9.2022, bls. 38), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 97.“

4. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 13d (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 546/2011):

„– **32022 R 1441**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1441 frá 31. ágúst 2022 (Stjtið. ESB L 227, 1.9.2022, bls. 70), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 100.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2022/1438, (ESB) 2022/1439, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 304, 24.11.2022, (ESB) 2022/1440, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 97 og (ESB) 2022/1441 bls. 94, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 100, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.